



## **Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1999.**

Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Selfoss unnu tvö kvöld við plöntun og áburðargjöf. Vinnuflokkur frá unglíngavinnu Selfossbæjar vann dagstund við plöntun, áburðargjöf ofl.

### **Helstu verkefni:**

#### **Plöntun:**

Alls var um 2750 plöntum plantað í Hellisskógi sumarið 1999. Mest birki. Þar af gaf stjórn málaaflið Samfylkingin félaginu um 600 birkiplöntur og Ingileif Auðunnsdóttir og Sigmundur Stefánsson gáfu félaginu 150 pottaplöntur af ýmsum tegundum úr eigin ræktun sem þau plöntuðu sjálf sunnan í Stekkjarholt.

Félagsmenn unnu við plöntun tvö kvöld í byrjun júní. Um 1900 birkiplöntum var plantað. Plantað var í framhaldi af plöntun fyrri ára í NV-horni girðingarinnar upp undir Biskupstungnabraut. Einnig var borið á plantanir frá fyrri árum. Vinnuflokkur frá unglíngavinnu Selfossbæjar (tíu 16 ára krakkar og tveir verkstjórar) kom í Hellisskóg og plantaði 700 birkiplöntum í skjólbeltið meðfram austurkanti Hellisskógar. Einnig báru þau á. Verkið tók 4 klst.

#### **Plæging:**

Starfsmaður Skógræktar Ríkisins plægði einn hektara í móanum norðaustan við Sorphauga Selfossbæjar í október.

#### **Snyrting á Hellinum og umhverfi hans:**

Vinnuflokkur frá Selfossbæ lagfærði Hellinn og umhverfi hans í maí. Sú framkvæmd var ekki á vegum Skógræktarfélags Selfoss.

#### **Gönguferðir og kynning á Hellisskógi:**

Skógræktarfélag Selfoss stóð tvisvar fyrir göngu og kynnisferðum um Hellisskóg sumarið 1999. Fyrri ferðin var í tilefni af degi umhverfisins. Fimmtudaginn 24. júní var félagið með kynningu á Hellisskógi. Gengið var hring um Hellisskóg og litið á gróðurfarið. Þátttaka var ágæt í báðum ferðunum.

#### **Grisjun og tilfærsla trjáa:**

Starfsmenn unglíngavinnu fluttu til nokkur birki- og aspartré á haustdögum. Einkum var verið að grisja úr eldri plöntunum þar sem tré standa orðið of þétt eða skyggja á fallega kletta. Trjánur var plantað í árbakkann þar sem raflínurnar koma yfir ána.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Selfoss  
Örn Óskarsson